

| | | | | |
|--|---------|----------|----------|------------|
| | fluttar | kr. | 11000 00 | 114 |
| 2. Kostnaður | kr. | 372 17 | — | 372 17 |
| 3. Í sjóði við reikningslok; | | | | |
| a. Bankavaxtabrjef sömu sem áður | kr. | 16000 00 | | |
| b. Í sparisjóði Landsbankans | — | 5400 48 | | |
| c. Í sjóði hjá fjehirði | — | 170 78 | | |
| | | | — | 21571 26 |
| | | | kr. | 32943 43 |

Reykjavík, 10. apríl 1907

Eiríkur Briem.

Firmitilkynningar.

115

Samkvæmt lögum 13. nóvbr. 1903 um verzlunarskrár, firmu og prókúru-umboð, hafa eftirgreind firmu og breytingar á firmum verið tilkynnt til innfærslu á verzlunarskrár landsins.

I. Reykjavík.

1. Nokkrir skósmiðir í Reykjavík reka í sameiningu skósmiði á sem fullkomu-astan hátt sem verða má undir firmanafninu »Valur«. Eru samtök þeirra hlutafjelag. Upphæð hlutafjárins er 5000 kr., sem stjórn fjelagsins má auka upp í 8000 kr. og skiftist í 50 kr. hluti. Þar af er þegar greitt 584 kr.; hitt greiðist fyrir 15. ágúst 1907. Hlutabrjef hljóða á handhafa og eru undirskrifuð af stjórn fjelagsins. Fundarboð og aðrar birtingar til fjelagsmanna skal stjórnin, sem skipuð er þremur mönnum, gera með auglýsingu meðal fjelagsmanna. Stjórnin má enga skuldbindingu gera um eignir fjelagsins án samþykkis meiri hluta fjelagsmanna og ekki má hún án samþykkis hluthafa fela öðrum umboð sitt. Heimili og varnarþing fjelagsins er í Reykjavík. Heimild til að rita firmanafn fjelagsins hefir stjórn fjelagsins: skósmiðirnir Guðmundur Magnússon, Þorsteinn Sigurðsson og Magnús Gíslason allir í senn þannig: pr. hlutafjlagið »Valur«.

Lög fjelagsins eru samþykkt 5 febr. 1907.

2. Vjer undirritaðir, Carl Lárússon, Árni Gíslason, Ari B. Antonsson og Haraldur Lúðvík Möller, sem höfum tilkynnt til verzlunarskrárinna hjer í bænum,

115

að vjer rekum verslun í Reykjavík undir firmanafninu C. L. Lárusson & Co., allir með ótakmarkaðri ábyrgð og að Carl Lárusson hafi rjett til að rita firma fjelagsins og í forföllum hans geti tveir af oss hinum ritað firmað, tilkynnum hjer með til verslunarskrárinnar, að sú breyting er orðin á þessu fyrirkomulagi, að frá 1. júní næstkomandi get jeg meðundirritaður Carl Lárusson eigi ritað firmað frekara en hinir aðrir fjelagsmenn, en frá sama degi hefir meðundirritaður Árni Gíslason rjett til að rita firma fjelagsins og í forföllum hans geta hverjir tveir af oss hinum ritað firmað.

Árni Gíslason ritar firmað þannig:

»pr. C. L. Lárusson & Co.

Árni Gíslason«.

3. Ár 1907, 22. ágúst, tilkynna eigendur firmans E. F. Saust og G. Chr. Jeppesen, sem reka bakaraiðn hjer í bænum með því firmanafni, að G. Chr. Jeppesen sje genginn úr firmanu, en E. F. Saust haldi atvinnunni áfram með firmanafninu »E. F. Saust«.
4. Firmað H. P. Daus tilkynnir, að umboð herra Hans Peter Petersen ógildist frá 31. ágúst þ. á. til að rita nafn firmans »per prokura«.
5. Frá 15. ágúst 1907 tilkynnir Firmað Gunhild Thorsteinsson & Co., að Helga Thorsteinsson sje gengin úr firmanu, en það haldi áfram undir nafninu »Gunhild Thorsteinsson«.
6. Stjórn hlutafjelagsins »Valur« í Reykjavík tilkynnir, að fjelagið sje hætt að starfa frá 1. nóvember 1907.
7. Thor Jensen kaupmaður og Eggert Claessen yfirrjettarmálaflutningsmaður til heimilis í Reykjavík, tilkynna að hlutafjelagið P. J. Thorsteinson & Co. reki verslun, fiskveiðar og fiskverkun, skipaútgerð o. fl. í Reykjavík. Lög fjelagsins eru dagsett 10. apríl 1907 og viðauki gerður við þau 8. maí 1907. Í stjórn fjelagsins eru: C. A. J. Becker, J. F. Erichsen, H. C. V. Möller, K. C. J. Nielsen í Kaupmannahöfn og Eggert Claessen í Reykjavík, svo og sem framkvæmdarstjórar: Thor Jensen í Reykjavík, A. T. Möller, V. E. A. Möller í Kaupmannahöfn, P. J. Thorsteinson í Hellerup og Chr. Rasmussen í Leith. Firma fjelagsins rita 2 framkvæmdastjórnanna í sameining eða einn af framkvæmdastjórnunum ásamt einum hinna annara stjórnenda. Höfuðstóllinn er ein miljón króna, skift í hluti að upphæð 2000 og 1000 kr., sem hljóða upp á nafn. Hlutafjeð er innborgað að fullu. Birtingar til fjelagsmanna skulu settar í Berlingatíðindi í Kaupmannahöfn og í blað það á Íslandi, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, nú sem stendur blaðið »Reykjavík«.
8. Pjetur G. Guðmundsson, Lúðvik Jakobsson og Björn Bogason tilkynna, að hlutafjelagið »Fjelagsbókbandið« reki bókbandsíðn í Reykjavík. Samþyktr fjelagsins eru gerðar 4. des. 1907. Stjórnendur fjelagsins eru: Pjetur G. Guðmundsson, Lúðvik Jakobsson og Björn Bogason. Firmað ritar formaður stjórnarinnar ásamt öðrum meðstjórnanda. Pjetur G. Guðmundsson er formaður í stjórninni. Guðmundur Gamalielsson bókbindari hefur prókúruum-

boð fyrir fjelagið. Höfuðstóllinn er 3800 kr. skift í 38 hluti að upphæð 100 kr., sem hljóða upp á nafn. H5

Hlutirnir eru greiddir að $\frac{2}{3}$. Það, sem eftir stendur, má innheimta hvenær sem vera skal. Til fjelagsfunda skal stjórnin boða með auglýsingu í blaði því í Reykjavík, er hún telur hafa mesta útbreiðslu í bænum.

II. Gullbringu- og Kjósarsýsla.

1. Thor Jensen kaupmaður og Eggert Claessen yfirjettarmálaflutningsmaður, til heimilis í Reykjavík, tilkynna að hlutafjelagið P. J. Thorsteinson & Co. reki verslun, fiskveiðar og fiskverkun, skipaútgærd o. fl. í Hafnarfirði og Gerðum í Gullbringusýslu. Lög fjelagsins eru dagsett 10. apríl 1907 og viðauki gerður við þau 8. maí 1907. Í stjórn fjelagsins eru: C. A. J. Becher, J. P. Erichsen, H. C. V. Möller, K. C. J. Nielsen í Kaupmannahöfn og Eggert Claessen í Reykjavík, svo og sem framkvæmdarstjórar: Thor Jensen í Reykjavík, A. T. Möller, V. E. A. Möller í Kaupmannahöfn, P. J. Thorsteinson í Hellerup og Chr. Rasmussen í Leith. Firma fjelagsins rita tveir framkvæmdarstjórnanna í sameining eða einn af framkvæmdarstjórunum ásamt einum hinna annara stjórnenda. Höfuðstóllinn er ein milljón króna, skift í hluti að upphæð 2000 kr. og 1000 kr., sem hljóða upp á nafn. Hlutafjæð er innborgað að fullu. Birtingar til fjelagsmanna skulu settar í Berlingatíðindi í Kaupmannahöfn og í blað það á Íslandi, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, nú sem stendud blaðið »Reykjavík«.
2. Firmað H. P. Duus tilkynnir, að umboð herra Hans Peter Petersen til að rita nafn firmans »per prokura« ógildist frá 31. ágúst þ. á.
3. Ekkjufrú Helga Andersen og Ludvig Andersen klæðskeri, bæði til heimilis í Reykjavík, reka í samfjelagi í Hafnarfirði sem útibú klæðskurð, skraddaraíðn og klæðasölu undir firmanafninu H. Andersen & Sön. Hvort um sig hefur ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum firmans og rjett til þess að rita það. Eign hvors um sig er óákveðin. Forstöðu útíbúsins hefur á hendi Vigfús Guðbrandsson. Undirskrift er: H. Andersen & Sön.
4. 2. nóv. 1907 tilkynnt að firmað S. Bergmann & Co. í Hafnarfirði sje hætt störfum frá 1. janúar 1907 að telja, og hefur firmað verið afmáð úr verslunarskránni.

III. Arnassýsla.

Hlutafjelagið »Reginn« rekur allskonar málmsmiði á Eyrarbakka með firmanafninu »Reginn«. Dagsetning samþykta 14. janúar 1907 og 1. maí s. á. Stjórn: Oddur Oddsson gullsmiður, Jóhann V. Danielsson verslunarmaður, Gísli Skúlason prestur, Guðni Jónsson formaður og Sigurður Ísleifsson trjesmiður. Firmað rita í sameiningu: Oddur Oddsson, Jóhann V. Danielsson

115

og Guðni Jónsson, og í forföllum einhvers þeirra: Guðmundur Jónsson. Höfuðstóll fjelagsins er 6000 kr. og skiftist í 100 kr. hluti, er hljóða á nafn. Hlutfjöld má auka upp í alt að 10000 kr. $\frac{1}{4}$ hlutfjárins greiðist fyrir 1. júlí 1907, en $\frac{3}{4}$ fyrir 1. júlí 1910.

IV. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

Sankvæmt lögum nr. 42 frá 13. nóvember 1903 hefur neðangreint firma verið tilkynnt til innfærslu í verslunarskrá Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

Hlutfjelagið »Bændaverslunin Einar Markússon & Co«. rekur verslun og fiskiveiðar í Ólafsvík í Neshreppi innan Ennis. Samþykktir dags. 16. febrúar 1907. Höfuðstóll 100,000 kr., er skiftist í 1000 hluti, sem hljóða á handhafa. Hlutfjöld greiðist strax. Stjórn fjelagsins: Lárus Jónsson, Jón Ásgeirsson, Sigurbjörn Guðleifsson, allir í Ólafsvík, Hallbjörn Þorvaldsson, Gröf, Bjarni Sigurðsson, Brimilsvöllum. Aukameðlimur stjórnarinnar og framkvæmdarstjóri fjelagsins Einar Markússon, Ólafsvík. Hver einstakur meðlimur stjórnarinnar hefur rjett til að rita firma fjelagsins með framkvæmdarstjóra en í öllum verslunarrekstri undirskrifar hann einn. Auglýsingar til fjelagsmanna á þann hátt, er stjórnin ákveður.

V. Ísafjarðarkaupstaður.

P. M. Bjarnarson á Ísafirði, Þórarinn Bjarnarson í Kaupmannahöfn og Magnús Torfason á Ísafirði reka niðursuðu á Ísafirði sem verksmiðjuíðnað með firmanafninu:

Konservesfabriken Island.

P. M. Bjarnarson & Co.

og hafa þeir allir fulla ábyrgð og rjett til að rita firmað.

VI. Strandasýsla.

Bræðurnir C. F. Jensen og P. V. Jensen tilkynna að þeir reki verslun og fiskiútveg á Reykjarfirði undir firmanafninu C. F. Jensen & Co. og hafa þeir báðir rjett til að rita firmað þannig til 8000 króna hvor um sig.

VII. Skagafjarðarsýsla.

Pjetur Sighvatsson og Steindór Jónsson, sem reka verslun á Saudárkróki með firmanafninu »Verslunin Drangey«, tilkynna, að Steindór Jónsson er farinn úr fjelaginu. Í stað hans er Sigurgeir Danielsson á Saudárkrók orðinn fjelagsmaður með ótakmarkaðri ábyrgð.

Firmanafnið ritar hvor um sig með fullu gildi og fullri ábyrgð.

VIII. Akureyrarkaupstaður.

115

1. Firma »Kaupfjelag Eyfirðinga« rekur verslun. Heimili á Akureyri. Fjelagslög 3. mars 1906.
Breytileg fjelagatala.
Fjelagsmenn hafa ábyrgð einn fyrir alla í skuldbindingum fjelagsins.
— Fjelaginu stjórnar 5 manna nefnd.
Formaður fjelagsstjórnarinnar Hallgrímur Kristinsson ritar firmanafnið.
2. Verslun firmans F. & M. Kristjánsson er frá 1. jan. 1906 eign M. J. Kristjánssonar og rekin undir hans nafni.
Firmað heldur áfram atvinnurekstri að öðru leyti. —
3. Firma J. Guðmundsson & S. Bjarnason er 22. ágúst 1906 hætt atvinnurekstri og aflýsist.
4. Firma Guðl. Sigurðsson & V. Gunnlaugsson er 12. mars 1907 hætt atvinnurekstri, og aflýsist.
5. Firma »Kolbeinn & Ásgeir« er 1. jan. 1906 hætt atvinnurekstri og aflýsist.

IX. Norðurmúlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður.

1. Sigurður kaupmaður Jónsson á Seyðisfirði tilkynnir, að hann sje hættur að reka verslun með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu »Framtíðin«.
2. Bestyrelsen for »Framtíðin Aktieselskab«, nemlig 1) Bestyrelsesraadet, bestaaende af Disponent, Althingsmand Jon Jonsson, boende paa Akureyri paa Island, Købmand Sigurdur Jonsson, boende paa Seydisfjord paa Island, og Disponent Sigurd Johansen, forhen af Vopnafjord paa Island, nu boende i København; og 2) den administrerende Direktør for Selskabet, fornævnte Købmand Sigurdur Jonsson, anmelder herved til Handelsregisteret for Seydisfjord Købstad paa Island, at Aktieselskabet med Hjemsted paa Seydisfjord Købstad paa Island og Hovedforretningslokale sammesteds driver Handel og Fiskeri. Vedtægterne ere af 2den April 1907. Bestyrelsen bestaar af 1) Bestyrelsesraadet, bestaaende af de fornævnte Personer, Disponent Althingsmand Jon Jonsson, Købmand Sigurdur Jonsson og Disponent Sigurd Johansen, samt 2) den administrerende Direktør, samme Købmand Sigurdur Jonsson. Aktieselskabets Firma tegnes af to af Bestyrelsesraadets Medlemmer i Forening; den administrerende Direktør Sigurdur Jonsson og Købmand Consul Louis Zöllner af Newcastle on Tyne have hver for sig Procura. Aktiekapitalen andrager 60,000 Kr., fordelt paa 120 Stykker Aktier á 500 Kr. Aktierne ere udstedte paa Navn og kunne ikke transporteres til Ihændeleveren. Aktierne ere fuldt indbetalte. Bekendtgørelse til Medlemmerne finder Sted i den i Reykjavik udkommende til Optagelse af retslige Bekendtgørelser autoriserede Tidende.
3. Jón kaupmaður Guðmundsson í Bakkagerði í Borgarfirði rekur verslun með ótakmarkaðri ábyrgð í Bakkagerðis kaupþúni í Norðurmúlasýslu undir firma-

- 115** nafninu »Fram«. Hann ritar einn firnað með sínu eigin nafni, en hefir firmanafnið prentað á reikninga, umslög o. s. frv.
4. Árni Þórðarson og Guðrún Kristjánsdóttir tilkynna, að hún sje gengin úr verslunarfjelaginu »Hermes« og hann genginn í það í hennar stað; að öðru leyti er fjelagið óbreytt.

- 116** Stjórnarráð Íslands og hið sameinaða gufuskipafjelag hafa í dag gert svofeldan

s a m n i n g

um gufuskipaferðir milli Kaupmannahafnar og Íslands um Leith og Færeyjar.

1. grein.

Fjelagið skuldbindur sig til að halda uppi stöðugum gufuskipasamgöngum milli Kaupmannahafnar og Leith annars vegar og Íslands hins vegar, og enn fremur gufuskipaferðum kringum Ísland og skulu bæði millirikjaferðir og strandferðir farnar eftir ferðaáætlunum þeim fyrir árið 1908, sem stjórnarráð Íslands samþykkir. Ekki mega viðkomur í Færeyjum vera tíðari heldur en viðkomur millirikjaskipanna þar samkvæmt núgildandi ferðaáætlun, og skulu haldast ákvæði hennar um viðkomu skipanna eingöngu vegna póstflutnings. Hins vegar má krefjast þess, að skipin komi eins oft við í Færeyjum eins og millirikjaskipin koma þar nú.

2. grein.

Á millirikjaskipunum skal vera fyrsta og annað farrými. Fyrsta farrými skal fylgja sjerstakt kvennaherbergi. Fyrsta farrými á að geta tekið 30 farþega að minsta kosti, og annað farrými á tveim skipunum um 50 og hinum um 35 farþega. Skipin eiga að geta tekið 400 smálestir af vöruflutningi að minsta kosti. Til strandferðanna skal hafa skipin »Hóla« og »Skálholt« eða önnur skip jafnstór og með jafngóðu farþegarúmi. Ef »Hólar« og »Skálholt« eru höfð til ferðanna, skal stækka annað farrými á þeim, eftir því sem unt er.

Gjaldskrá um fargjöld og farmgjöld skal borin undir stjórnarráð Íslands til staðfestingar og mega gjöld þessi með eftirgreindri undantekningu, ekki vera hærri en eftir núgildandi gjaldskrá. Öll farmgjöld milli Leith og Íslands hvora leiðina sem er, skulu talin eftir sama mælikvarða og vera um 10% lægri en tilsvarandi farmgjöld milli Íslands og Kaupmannahafnar. Að því er snertir leirvarning og »fajance« skal þó mega ákvarða gjaldið eftir því, sem nú er greitt fyrir flutning milli Leith og Íslands.